

Achour gegn Frakklandi
Dómur frá 29. mars 2006 - Yfirdeild
Mál nr. 67335/01
7. gr. Engin refsing án laga
Afturvirkni refsilaga.

1. Málsatvik

Kærandi er 42 ára, alsírkur ríkisborgari og býr í Frakklandi. Þann 16. október 1984 var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir fíkniefnasölu og lauk hann afplánun fangelsisvistarinnar 12. júlí 1986. Hinn 1. mars 1994 tóku gildi breytingar á hegningarlögum hvað varðaði ítrekun brota. Þessi nýju ákvæði mæltu fyrir um að sá sem væri sakfelldur á ný fyrir alvarlegt hegningarlagabrot eða brot sem varðaði 10 ára fangelsisvist, innan tíu ára frá því að fullnustu refsingar vegna fyrra brots lauk, skyldi sæta tvöfaldri hámarksfangelsisrefsingu.

Hinn 14. apríl 1997 var kærandi dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir fíkniefnabrot framin á árinu 1995 og vísað brott úr Frakklandi til 10 ára. Hinn 25. nóvember lengdi áfrýjunardómstóll fangelsisdóm kæranda í 12 ár með hliðsjón af áðurgreindum breytingum á hegningarlögum. Kærandi áfrýjaði dómnum og byggði á því að afturvirkni umræddra ákvæða leiddi til þýngri refsingar en áður hefði gilt. Var áfrýjun kæranda vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi beitingu nýrra ákvæða hegningarlaga um ítrekun sem leiddi til þess að refsing hans var þýngd fela í sér afturvirkni og brjóta gegn rétti hans samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Deild dómstólsins komst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum þann 10. nóvember 2004 að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans. Var málinu í kjölfarið vísað til yfirdeildar dómstólsins.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn rakti að ríkjum væri frjálst að ákveða eigið viðurlagakerfi og breyta því þegar við ætti að þeirra mati, m.a. með því að auka refsingar við tilteknum brotum. Val ríkja á viðurlagakerfi væri utan lögsögu dómstólsins, enda gengi það ekki gegn þeim grundvallarreglum sem sáttmálinn byggðist á. Í máli kæranda þurfti dómstóllinn því að meta hvort frönsk lög og dómaframkvæmd hefðu verið fyrirsjáanleg og aðgengileg á þeim tíma sem málið varðaði.

Dómstóllinn rakti að breytingarákvæði hegningarlaganna hefðu kveðið á um að hámarksrefsing skyldi tvöfölduð við ítrekun brots innan 10 ára í stað 5 ára áður frá fyrningu eða gildistíma refsingar vegna fyrra brots. Þar sem þessar breytingar á hegningarlögunum höfðu tekið gildi 1. mars 1994 hefðu þær verið í gildi þegar kærandi gerðist sekur um brot sín árið 1995. Þá rakti dómstóllinn að yfirréttur ríkisins hefði mótað skýra og staðfasta venju um það að þegar sett væru ákvæði um refsingu vegna endurtekningar brota væri nægjanlegt að seinna brotið hefði verið framið eftir að breytingalögin tóku gildi. Var því að mati dómstólsins enginn vafi á því að kærandi gat séð fyrir að með því að fremja aftur brot áður en refsing hans fyrndist 13. júlí 1996 vegna fyrri brota, gat hann átt það á hættu að verða ákveðin refsing fyrir seinna brotið með tilliti til umræddrar ítrekunarreglu. Var því ekki brotið á rétti kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.